

Fundur faghóps 1  
Í 6. áfanga rammaáætlunar um verndun og orkunýtingu landsvæða (RÁ).  
2. fundur – 24. febrúar 2026.  
Fjarfundur

Mætt: Birgir Vilhelm Óskarsson (BVÓ), Birna Lárusdóttir (BL) formaður, Edda Ruth Hlín Waage (ERW), Guðbjörg R. Jóhannesdóttir (GRJ), Guðný Zoëga (GZ), Jón Einar Jónsson (JEJ), Jóhann Þórsson (JP), Kristín Svavarsdóttir (KS), Sveinn Kári Valdimarsson (SKV).

Forföll: Ívar Örn Benediktsson (ÍÖB)

Fundur hófst kl. 10

1. Farið var yfir helstu atriði úr nýsamþykktu frumvarpi um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, ekki síst það sem varðar beint störf faghópsins.
2. Rædd var breyting á þingsályktun um RÁ, en með henni eru Skrokköldu- og Holtavirkjun komnar í nýtingarflokk. Kjalalda og Héraðsvötn verða áfram í biðflokki ásamt Urriðafossvirkjun.
3. Rætt var um verkefni sem verkefnisstjórn hefur lagt fyrir faghópin sem varðar mál um afturköllun friðlýsinga Jökulsár á Fjöllum og fleiri svæða vegna formgalla við afmörkun verndarsvæða. Kallað verður eftir frekari upplýsingum um meðferð málsins frá faghópnum.
4. Ýmis mál sem varða starf faghópsins framundan voru rædd.

Fundi slitið kl. 11:30